

Mál nr. 131/2006

**R
og
Tryggingafélagið X vegna
frjálsrar ábyrgðartryggingar hjúkrunarheimilisins Y**

Vinnuslys 3. júní 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. júlí 2006 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

R fór með matarafganga frá morgunmat niður í aðaleldhús hjúkrunarheimilisins Y. Hún segist hafa tekið eftir einhverju á gólfinu fyrir framan kæliklefan en ekki hugsað meira um það, gekk innar í eldhúsið og sótti djús. Þegar hún gekk tilbaka framhjá kælinum steig hún í eitthvað, skrikaði fótur og datt. R telur að ófullnægjandi þrif hafi valdið því að henni skrikaði fótur um matarafganga á gólfinu og á því beri hjúkrunarheimilið ábyrgð.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að R veitti því athygli að eitthvað var á gólfinu án þess að hirða um að taka það upp af því. Síðar skrikaði henni fótur um það sem á gólfinu var. Ekkert í gögnum málsins bendir til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna hjúkrunarheimilisins, ófullnægjandi þrifa eða brota á lögum.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki úr ábyrgðartryggingu hjúkrunarheimilisins Y.

Reykjavík, 1. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.